

Miðvikudaginn 12. ágúst 1992.

Nr. 252/1992. **Niels Adolf Ársælsson**
og Sigurlaug Guðmundsdóttir
 gegn
sjávarútvegsráðuneytinu.

Kærumál. Fjárnám. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní sl. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, hefur eftir 1. júlí sl. verið farið með málið sem kærumál. Sóknaraðilar gera þær kröfur, að hið kærða fjárnám „frá 14. maí 1992 verði dæmt ógilt og felld úr gildi í heild sinni“. Þá krefjast þau kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hið kærða fjárnám verði dæmt gilt að öllu leyti og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Með dómi aukadómpings Barðastrandarsýslu 5. febrúar 1990 var sóknaraðili Niels Adolf Ársælsson dæmdur til að greiða varnaraðila 1.004.329 krónur ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Skuld þessi byggðist á skuldabréfi, tryggðu með veði í fiskiskipinu Geir, BA-326, en það hafði Niels selt, þegar málið var höfðað. Með dóminum var hinum nýju eigendum gert að þola staðfestingu veðréttar í skipinu. Þáverandi lögmaður Níelsar gerði skuldina upp við lögmann varnaraðila samkvæmt greiðslukvittun 20. desember 1990. Var uppgjörið byggt á útreikningi lögmanns varnaraðila. Með greiðsluáskorun, birtri 13. júní 1991, skoraði hann þó á Niels að ljúka dómskuldinni að viðlögðu fjárnámi. Árangurslaust fjárnám fór fram hjá Níelsi 3. desember 1991, eftir að hann hafði lýst sig eignalaus. Lögmaður varnaraðila gerir þá grein fyrir þessum innheimtuaðgerðum, að við uppgjörið hafi villa slæðst inn í útreikning sinn á eftirstöðvum dómskuldarinnar. Hún sé í því fólgin, að tvisvar hafi verið tekið tillit til 160.000 króna innborgunar 28. júní 1989 og jafnhárrar innborgunar 10. júlí sama ár. Hafi tillit verið tekið

til innborgana þessara í dóminum og svo aftur í útreikningi hans. Þetta staðfestir þáverandi lögmaður Nielsar. Með bréfi 4. maí sl. krefst varnaraðili þess, að sýslumaður Barðastrandarsýslu endurupptaki fjárnám í eignum Nielsar fyrir 406.769 krónum ásamt dráttarvöxtum frá 19. desember 1990 og kostnaði, alls að fjárhæð 583.151 krónu. Málið var tekið fyrir í fógetadómi Barðastrandarsýslu 14. maí sl. Af hálfu gerðarpóla kom þá fyrir dóminn sóknaraðilinn Sigurlaug Guðmundsdóttir, eiginkona Nielsar. Síðan er bókað:

„Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til uppskriftar og fjárnáms. Bent er á lausafé.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign mættu, bifreiðinni Mazda, árg. 1987, fastnr. IG-225, staðsettri við Kirkjubraut í Njarðvík, í vörslu Sigríðar Jónsdóttur, og eignum gerðarpóla, Pioneer-hljómflutningstækjum: plötuspilara PL-880, útvarpi F-551L, kassettutæki CT-880, tónjafnara GR-555, geislaspilara DO-7050, magnara A-331, öllu í svörtum viðarkassa með glerhurð, 2 hátölurum CS-780 og fjarstýringu CU-Pd008, öllu staðsettu að Hamraborg, Tálknafirði.

Fallið er frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar fyrir mættu og brýnir meðal annars fyrir henni, að ekki megí ráðstafa hinu fjárnumda. Fógeti mun tilkynna gerðarpóla um gerðina með ábyrgðarbréfi.“

Eins og á stendur í máli þessu, verður ekki talið, að fullnaðaruppgjör hafi farið fram 20. desember 1990.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna ber sóknaraðili Sigurlaug Guðmundsdóttir ekki ábyrgð á dómskuld sóknaraðila Nielsar Adolfs Ársælssonar, þeirri sem leitað er fjárnáms fyrir í máli þessu. Sigurlaug er ólögfróð. Fógeta bar því eftir 114. gr., sbr. 238. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sem þá giltu, að leiðbeina henni um, að hún væri eigi ábyrg fyrir dómskuldinni og henni væri óskyld að benda til fjárnáms á bifreiðina, sem óumdeilt er, að var hjúskapareign hennar sjálfrar. Bókun fógeta í fógetabók bendir til, að hann hafi ekki leiðbeint sóknaraðila Sigurlaugu á þennan veg. Af þessu leiðir, að sóknaraðili

Sigurlaug Guðmundsdóttir er ekki bundinn af fjárnámsgerðinni, að því er bifreiðina varðar. Við fjárnámið benti hún hins vegar á hljómf lutningstækin sem eign sóknaraðila Nielsar. Ekki hefur komið fram næg sönnun fyrir öðru, og ber því að staðfesta fjárnámið, að því er hljómf lutningstækin varðar.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hin kærða fjárnámsgerð er úr gildi felld, að því er varðar bifreiðina IG-225, Mazda, árgerð 1987. Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest að öðru leyti.